

Grensásvegur 16A – Fyrirspurn

Lögð fram fyrirspurn Jakobs Emils Líndal, dags. 2. nóvember 2023, um breytingu á deiliskipulagi Grensásvegur 16A og Síðumúla 37-39 vegna lóðarinnar nr. 16A við Grensásveg sem felst í að auka byggingarmagn lóðar og hækka núverandi forhús um annað hvort eina til tvær hæðir eða hækka kálf á milli húsanna að Grensásvegur 16A og Síðumúla 39 um tvær inndregnar hæðir og fjölga þannig herbergjum um allt að 30, samkvæmt tillögu Alark arkitekta ehf., dags. 2. nóvember 2023.



Skipulag í gildi

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi er lóðin staðsett á miðsvæði (M), nánar tiltekið M2e í Borgarhluta 5 Háaleiti-Bústaðir. Í gildi er deiliskipulagið Grensásvegur 16a og Síðumúli 37-39 samþykkt og auglýst í B-deild 2 febrúar 2017.

Tillaga

Grensásvegur 16A 77 herbergja hótél á fimm hæðum. Óskað er eftir að stækka hótelið og fjölga herbergjum um 30.

Tillaga A) Óskað er eftir að bæta við 1-2 hæðum ofan á núverandi hús. Stærð 2*400 m².



Tillaga A

Tillaga B) Óskað er eftir að bæta við 2 inndregnum hæðum ofan á kálf á milli húsanna Grensásveg 16A og Síðumúla 39. Stærð 2*270 m².



Tillaga B

Tillaga C) Óskað er eftir að bæta við 1 hæð ofan á núverandi hús. Stærð 1*400 m².



Tillaga C

Heildaryfirbragð hverfisins tekur mið af þeim tíma sem það var byggt. Flest húsin rísa í kringum 1970-1980. Þegar nýtt deiliskipulagið var unnið var tekið tillit til umfangs, stöllunar, hæða, byggðarmynsturs og heildaryfirbragðið skoðað. Tillögurnar sýna umtalsverða aukningu á byggingarmagni sem samræmist ekki byggðarmynstri götunnar og myndi ekki auka gæði hins byggða umhverfis. Skipulagsfulltrúi telur að lóðin sé fullbyggð.

Niðurstaða

Neikvætt að breyta deiliskipulagi samanber umsögn hér að ofan.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri